



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

20. SEPTEMBER 2026
ELDBORG HARPA

UNGSVEITIN **U** LEIKUR SHEHERAZADE

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS.

TÍMALENGD VERKS:

SHEHERAZADE: 45"

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður
þeim útvarpað 23. september kl. 19:00

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásun hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

UNGSVEITIN LEIKUR SHEHERAZADE

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 20. SEPTEMBER KL. 14:00

UNGSVEIT
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

NATHANAËL ISELIN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JOSEPH OGNIBENE
AÐSTOÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI

ROSS JAMIE COLLINS
AÐSTOÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI

NIKOLAJ RIMSKÍJ-KORSAKOV

Sheherazade, sínfónísk svíta, op. 35 (1888)

Hafið og sæfar Sinbaðs

Saga Kalenders prins

Prinsinn og prinsessan unga

Hátíð í Bagdað. Hafið. Sæfarið steytir á skeri og brotnar

NATHANAËL ISELIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförunum árum. Hann stundaði nám við Konservatoríð í París og lauk þaðan bakkalárprófi í slagverksleik, mastersprófi í hljómfærði og diplómaprófum í píanóleik og tónfræði. Síðar nam hann hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusarakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki, Jorma Panula, Sakari Oramo, Simone Young og Thomas Søndergård.

Iselin hóf hljómsveitarstjóraferil sinn sem aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Árósum og stuttu síðar hlaut hann fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi. Hann var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022–23 en honum bauðst staðan í kjölfar páskatónleika hljómsveitarinnar sem hann stýrði vorið 2022.

Nathanaël er reglulegur gestur hjá Fílharmoníuhljómsveit Kaupmannahafnar og Sinfóníuhljómsveitinni í Árósum en hefur einnig við ýmis tækifæri stýrt hljómsveitum á borð við Lundúnasinfóníunni, Niðurlandafilharmoníunni, Þjóðarhljómsveit Frakklands, Singapúrsinfóníunni, Dönsku útvarpshljómsveitinni og Fílharmoníuhljómsveitinni í Helsinki. Á næstunni preytir hann frumraun sína meðal annars hjá finnsku og norsku útvarpshljómsveitunum. Á óperusviðinu hefur Nathanaël Iselin stjórnað uppsetningu á óperunum Öskubusku eftir Rossini, Carmen eftir Bizet og Rigoletto eftir Verdi hjá Opera Hedeland sem er stærsta óperuhátíð Danmerkur.

Frá haustinu 2026 gegnir hann stöðu „listamanns í samstarfi“ bæði við Kammerhljómsveitina í Kymi í Finnlandi og Singapúrsinfóníuna. Nathanaël Iselin stjórnar nú Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í fjórða sinn á tónleikum

UNGSVEIT SÍ



LISTRÁÐ UNGSVEITAR SÍ

Listráð Ungsveitarinnar var stofnað 25. október 2022 og í því eiga átta Ungsveitarmeðlimir sæti ásamt fræðslustjóra SÍ. Listráðið kemur beint að framkvæmd og útfærslu Ungsveitarnámskeiðanna og prufuspila, leggur fram óskir um verkefnaval og hvernig móttöku nemenda í Ungsveitina skuli háttað. Listráðinu var komið á fót svo ávallt sé litið til áherslna og hugmynda Ungsveitarmeðlima við ákvarðanatöku varðandi hljómsveitarnámskeiðin líkt og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð árið 2009 og hefur vakið verðskuldaða athygli. Fjöldi ungmenna úr tónlistarskólum landsins tekur þátt í hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands ár hvert í Hörpu. Markmiðið með Ungsveitinni er að gefa tónlistarnemendum vettvang til að kynnst hinum sinfóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin í ár er skipuð 80 ungum hljóðfæraleikurum en einnig koma hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands að verkefninu með þjálfun og undirbúningi, auk þess leika nokkrir þeirra með Ungsveitinni hér í dag. Ungsveitin hefur flutt mörg helstu verk tónbókmenntanna undir styrkri stjórn fyrsta flokks hljómsveitarstjóra, m.a. Rumons Gamba, Petris Sakari, Ilans Volkov og Evu Ollikainen, sem öll hafa gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Umsjón Ungsveitarinnar er í höndum Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra SÍ. Á næstu vikum verður tilkynnt um verkefnaval sveitarinnar að ári og verða prufuspil haldin vorið 2027.

Björn Skúlason, eiginmaður forseta Íslands, er verndari Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

NIKOLAJ RIMSKÍJ-KORSAKOV

SHEHERAZADE – SINFÓNÍSK SVÍTA UPP ÚR 1001 NÓTT



Ofanverð 19. öldin var tímabil umbrota í tónlistarsögunni. Ný form urðu til líkt og tónaljóðið sem virtist ætla að leysa hina sígildu símfóníu af hólmi. Tónlistin varð á sama tíma flóknari og litskrúðugri þegar tónskáld reyndu að finna nýjar leiðir til hljómrænnar framvindu í verkum sínum. Þjóðernisrómantík var áberandi og þjóðlög og sagnaarfur heimahaganna urðu innblástur að tónverkum af ýmsum toga. Rússneska tónskáldið Nikolaj Rimskíj-Korsakov (1844-1908) fór ekki varhluta af þessum áhrifum. Hann var að mestu sjálfmenntaður í tónsmíðum og fram eftir aldri sinnti hann þeim meðfram störfum sínum sem liðsforingi í sjóher Rússlandskeisara. Snemma kynntist hann hópi ungra tónskálda sem sóttu sér innblástur í rússneska þjóðmenningu.

Þessi hópur varð fljótlega afar áberandi og áhrifamikill í rússneskri tónlist og fékk viðurnefnið „mektarsveitin“. Þetta voru þeir César Cui, Modest Musorgskíj, Alexandr Borodin, títtnefndur Rimskíj-Korsakov og forsprakinn Milíj Balakírev, sem var sá eini fimmenninganna sem hafði tónlist að aðalstarfi.

Rimskíj-Korsakov vakti fljótt athygli innan hópsins fyrir hæfileika sína í hljómsveitarútsetningum og tók m.a. að sér að útsetja og snurfusa hljómsveitarverk kollega sinna. Hæfileikar hans öfluðu honum meira að segja stöðu prófessors í hljómsveitarútsetningum við Tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg sem þótti nokkuð umdeild ráðning þar sem Rimskíj-Korsakov hafði ekki hlotið neina háskólamenntun í tónlist.

Eitt af því sem einkenndi tónsmíðar hópsins var mikill áhugi á þjóðsögum og ævintýrum sem áttu rætur að rekja til Austurlanda og Norður-Afríku. Með þessari áherslu á aðra menningarheima vildu hinir fimm fræknu mynda sterkari sérstöðu í samanburði við sígilda tónlist Vestur-Evrópu. Þessi stefna, sem oft er kölluð *óíentalismi*, birtist m.a. sterkt í verki Balakírevs, *Íslamey*, en það telst enn til eins mesta fingurbrjóts píanóbókmenntanna, óperunni *Prins Ígor* eftir Borodin og í verki dagsins: *Sheherazade* eftir Rimskíj-Korsakov. Þar sameinast tvö af hugðarefnum tónskáldsins: frábær hljómsveitarútsetning og áhugi á austrænum sagnaheimi.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands tekst á við svítu Rimskíj-Korsakov. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt verkið margt, fyrst árið 1961 undir stjórn Jindrich Rohan og reglulega síðan. Verkið var m.a. leikið í október 2010 undir stjórn Petri Sakari þar sem Guðný Guðmundsdóttir lék konsertmeistararólóin á kveðjutónleikum sínum með hljómsveitinni. Síðast flutti SÍ Sheherazade árið 2013 undir stjórn Dmitríj Kitajenko.

Þúsund og ein nótt er safn fjölmargra þjóðasagna sem rekja má til Arabíu, Indlands, Persíu og víðar. Það sem gerir þetta safn svo einstakt er hvernig sögurnar eru rammaðar inn með sjálfstæðu ævintýri um hinn kvenhatandi soldán Shakhriar sem stundar það að giftast ungum konum og hálshöggva þær svo daginn eftir brúðkaupsnóttina, svo að þær geti ekki svívirt nafn hans síðar með framhjáhaldi. Þannig gengur þetta fyrir sig allt þar til hann giftist hinni fögru Sheherazade sem kaupir sér líf einn dag í senn með því að segja soldáninum spennandi sögur á hverju kvöldi. Það skilaði árangri því eftir þúsund og eina nótt af ævintýrum var soldáninn loks orðinn fráhverfur hugmyndinni um að hálshöggva Sheherazade.

Rimskíj-Korsakov gaf hverjum þætti verksins lýsandi nafn án þess að spyrða þá við einhver ákveðin ævintýri. Persónur soldánsins og Sheherazade fá hvor sitt leiðarstef sem liggja eins og rauður þráður í gegnum allt verkið. Ógnvekjandi leiðarstef soldánsins, sem heyrir í upphafi, leikið af nær allri hljómsveitinni, tekur á sig breytilegar myndir í framrás verksins, en hið ofurviðkvæma stef Sheherazade, sem í upphafi er leikið af einleiksfiðlu, undirstrikar vel valdaójafnvægið í þessu hættulega hjónabandi. Ýmsar ævintýrapersónur og viðburðir fá vitanlega sitt pláss í verkinu, en leiðarstef þeirra tveggja ramma inn verkið líkt og í ritsafninu og því lýkur á friðsælan hátt með stefi Sheherazade þar sem það þaggar rólega niður í stefi soldánsins.

Tryggvi M. Baldvinsson

Á DÖFINNI

MEISTARI MORRICONE

24. OG 25. SEPTEMBER KL. 20:00

Ennio Morricone er eitt merkasta kvikmyndatónskáld allra tíma. Á þessum kvikmyndatónleikum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónlist úr meistaraverkum á borð við Cinema Paradiso, The Mission og Once Upon a Time in the West. Brot úr kvikmyndunum verða sýnd á stóra tjaldinu og skapa einstaka upplifun fyrir kvikmynda- og tónlistarunnendur.



SCHUMANN & BEETHOVEN

FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER KL. 19:30


Kanadíski sellóleikarinn Bryan Cheng leikur ljóðrænan sellókoncert Schumanns. Einnig hljóma litrík verk eftir Charlotte Sohy og Lili Boulanger og kraftmikill Leonóru-forleikur Beethovens. Við stjórnvölinn er Bar Avni, sigurvegari La Maestra hljómsveitarstjórakeppninnar 2024, en ferill hennar hefur verið á hraðri uppleið á alþjóðlegum vettvangi síðustu ár.



ALINA IBRAGIMOVA & NÍUNDA

FIMMTUDAGUR 8. OKTÓBER KL:19:30

Edward Gardner og fiðluleikarinn Alina Ibragimova sameina krafta sína í gullfallegum fyrsta fiðlukonsert Prokofíevs. Þungamiðja tónleikanna er þó hin stórbrotna níunda sínfónía Beethovens í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, einsöngvara og kóra. Óður Beethovens til mennsku og bræðralags á ekki síður brýnt erindi við okkur í dag en fyrir tveimur öldum.



VERKEFNI UNGSVEITAR SÍ

2009

Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012

Gustav Holst: Pláneturnar
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013

Hector Berlioz: Karníval í Róm
Claude Debussy: La mer
Edward Elgar: Sellókonsert
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015

Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2017

Ígor Stravinskíj: Vorblót
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2018

Pēteris Vasks: Viatore
Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2019

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2021

Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri

2022

Sergej Rakhmanínov: Sinfónía nr. 2
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri

2023

Hector Berlioz: Draumórasinfónían
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri

2024

Aaron Copland: Fanfare for the Common Man
Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 9
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri

2025

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri

ÞÁTTAKA UNGSVEITAR SÍ Á TÓNLISTARHÁTÍÐUM

TECTONICS ÁRIN 2013-2015

Hljómsveitarstjórar: Ilan Volkov (2013),
Robyn Schulkowsky (2014)
og Hafðís Bjarnadóttir (2015).

MYRKIR MÚSÍKDAGAR ÁRÍÐ 2017

Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason

Á DÖFINNI

EDWARD GARDNER STJÓRNAR NÍUNDU

FÖSTUDAGINN 9. OKTÓBER KL. 19:30

Níunda sínfónía Beethovens er eitt áhrifamesta tónverk sögunnar, stórfenglegt ákall um samkennd, mennsku og gleði. Símfóníuhljómsveit Íslands, Söngsveitin Filharmónía og Kór Langholtskirkju ásamt framúrskarandi einsöngvurum flytja þetta magnaða verk undir stjórn Edwards Gardner. Í lokakaflanum hljómar hinn ógleymanlegi Óður til gleðinnar, þar sem von og trú á mannkynið ráða ríkjum.



DANÍEL LEIKUR DALENE

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER KL. 19:30

Tónlist úr djúpinu rammar inn tónleika þar sem hafið er rauður þráður. Tvö heillandi verk Sibeliusar mætast við áhrifamikil millispil Brittens úr Peter Grimes. Sænska ungstirnið Johan Dalene leikur einleik í margbrotnum og ljóðrænum fiðlukonserti Thomas Adès, eins þekktasta tónskálds samtímans.



LÝRÍSK SINFÓNÍA

FIMMTUDAGUR 22. OKTÓBER KL. 19:30

Ólafur Kjartan Sigurðarson og Bryndís Guðjónsdóttir syngja hina stórbrotnu Lýrsku sínfóníu Zemlinskys sem hljómar hérlandis í fyrsta sinn. Á efnisskránni er einnig hin ófullgerða áttunda sínfónía Schuberts með sínum ógleymanlegu laglínunum. Hinn heimsþekkti Ingo Metzmacher stjórnar Símfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn.



UNGSVEIT

SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

1. FÍÐLA

Björney Anna Aronsdóttir
konsertmeistari
Margrét Kristjánsdóttir
Rozalia Maria Mietus
Þórdís Emília Aronsdóttir
Drífa Rán Solimene
Sóldís Perla Marteinsdóttir
Embla Karen Egilsdóttir Opp
Steinunn Dís Öfjörð Sævarsdóttir
Arni Dagur Sigurgeirsson
Gerða María Zoéga
Andrés Illugi Gunnarsson Cortes
Hulda Guðbjörg Hannesdóttir
Melkorka Jeanne Dahmane Sallé
Isabella Liv Sigurgeirsdóttir
Sigrún Eðvaldsdóttir

2. FÍÐLA

Þórunn Helena Jónsdóttir
Sveindís Eir Steinunnardóttir
Hugrún Birna Hjaltadóttir
Hulda Margrét Hjaltadóttir
Ami-Rebeca Dragoi
Dagmar Helga Bjartsdóttir
Eldey Björt Þórhallsdóttir
Hilmir Sveinsson
Ástrós Dóra Vigfúsdóttir
Embla Margrét Hallbjörnsdóttir
Mist Sigurbjörnsdóttir
Áshildur Jökla Ragnarsdóttir
Nína Ruth Stefánsdóttir
Guðný Lilja Pálmadóttir
Justyna Bidler

VIÓLA

Ronja Davidsdóttir
Haraldur Áss Liljuson
Þórhildur Vala Sigurðardóttir
Sigurlín Viðarsdóttir
Hanna Kristín Stefánsdóttir
Úlfur Þórarinnsson
Þórhallur Gottskálksson
Þórhildur Eva Helgadóttir
Þórarinn Már Baldursson
Fidel Atli Quintero Gasparsson

SELLÓ

Viðja Elísabet Magnúsdóttir
Guðbjörn Mar Þorsteinsson
Ingibjörg Árnadóttir
Elfur Íris Einarisdóttir
Ástrós Eva Einarisdóttir
Ragnhildur Una Bjarnadóttir
Rúna Karlotta Davidsdóttir
Kristín Guðríður Bjarkadóttir
Heiðrún Ingólfssdóttir
Hanna Lilja Arnarsdóttir
Steiney Sigurðardóttir
Sigurgeir Agnarsson

KONTRABASSI

Elías Dýrfjörð
Xun Yang
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hrefna Vala Kristjásdóttir
Aðalheiður Kristín Ragnarsdóttir
Hildur Arna Hrafnssdóttir

ÓBÓ

Vinchy Ho
Óssur Ingi Jónsson

KLARÍNETT

Þórey María E. Kolbeins
Emilía Sara Ingvadóttir

FAGOTT

Guðjón Daníel Bjarnason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Esben Stig Rasmussen
Brynjar Guðrúnarson
Örn Kjartansson
Katrín Ingimundardóttir

TROMPET

Lára Rún Keel Kristjánsdóttir
Almar Örn Gærdbo Arnarson
Loftur Snær Orrason
Eberg Öttarr Elefsen

BÁSÚNA

Árdís Freyja Sigríðardóttir
Baldur Kári Malsch Atlason
Arni Pétur Árnason, bassabásúna

TÚBA

Styrkár Flóki Lífason Snorrason

HARPA

Mahaut Ingiríður Matharel
Sigurlaug Inga Sturlaugsdóttir

PÁKUR

Magnús Már Newman

SLAGVERK

Bryndís Eir Sigurjónsdóttir
Hekla Sif Sævaldsdóttir
Elísabet Ósk Jónsdóttir
Elvar Sindri Guðmundsson
Björg Ákadóttir

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI BARBARA HANNIGAN

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Valgerður Rúnarsdóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjórdís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Daníel Bjarnason
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri

Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi
Dagrun Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ
Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

SINFÓNÍAN Á BETRA VERÐI



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Með Skólakorti Sinfóníuhljómsveitar Íslands fá allir nemar, 25 ára og yngri, miða á tónleika Sinfóníunnar fyrir aðeins 2.590 kr. ef miðinn er keyptur samdægurs. Hægt er að sækja um kortið í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050

WWW.SINFONIA.IS